

Reykjavík, 14.04.2023  
ÍLS/

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis við Austurvöll  
101 Reykjavík

### **Efni: Umsögn vegna frumvarps um lagasetningu (geymsla koldíoxíðs)**

Vísað er til erindis, dags. 31. mars 2023, þar sem boðið var upp á að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs), 889. mál.

Svo sem grein er gerð fyrir í frumvarpinu sendi undirrituð umsögn fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf., Carbfix hf., Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Orku náttúrunnar ohf. (ON), við þegar áformin og svo síðar frumvarpið voru kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Því er fagnað að löggjöfin sé skýrð betur og þær breytingar sem lagðar eru til eru taldar vera til bóta. Það er mjög mikilvægt fyrir rekstraraðila hér á landi að löggjöf sé skýr og að forsendur starfsemi af þeim toga sem hér um ræðir séu skýrðar í öndverðu s.s. varðandi leyfisveitingaferla og þær kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila á rekstrartíma og við lok hans. Carbfix og önnur félög í samstæðu OR sem hlut eiga að þessari umsögn styðja þær breytingar sem lagðar eru til og vísa að öðru leyti í fyrirliggjandi umsagnir sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu.

Sem fyrr telur þakkar Carbfix og OR samstæðan þann stuðning sem íslensk stjórnvöld hafa veitt alveg frá því að niðurdælingarverkefni innan samstæðu OR hófust. Undirrituð og sérfræðingar Carbfix og samstæðu OR eru reiðubúin og fús að veita Alþingi allar þær upplýsingar sem kann að vera þörf á vegna meðferðar málsins í nefndinni og að svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma.

Virðingarfyllt,



Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður